

Fréttabréf til foreldra og forráðamanna

Febrúar 2019, ábm. KBH



Ytra mat

Úttekt var gerð á starfsemi skólans fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Úttektin var gerð í nóvember 2018 en niðurstöður voru birtar í lok janúar 2019. Almennt má segja að skólinn hafi komið vel út. Unnið verður að úrbótum á því sem betur má fara. Hér er úttektin í heild sinni: [ytra mat](#).

Söngkeppni nemenda

Söngkeppni NFNV fer fram á sal skólans föstudaginn 15. febrúar kl. 20. Húsið opnar kl. 19:30. Í skólanum eru frábærir söngvarar og óhætt að lofa góðri skemmtun. Hljómsveit hússins er skipuð nemendum úr skólanum. Aðgangseyrir er 2000 kr., en 1500 kr. fyrir nemendur FNV og grunnskólanemendur. Frítt er fyrir 10 ára og yngri.



Miðannarmat

Miðannarmat verður birt í Innu þann 27. febrúar. Það færist í vöxt að kennarar skrái einkunnir verkefna og prófa í Innu. Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta því betur fylgst með ástundun barna sinna.

Nýr starfsmaður

Í janúar bættist við nýr starfsmaður, Hanna Þórey Guðmundsdóttir sem tók við starfi upplýsinga- og bókasafnsfræðings við skólann. Hanna hefur umsjón með rekstri bókasafnsins ásamt því að sjá um skjalavörslu, heimasíðu og samfélagsmiðla FNV. Hún lauk prófi í bókasafns- og upplýsingafræði árið 2001 og hefur fjölbreytta starfsreynslu í sínu fagi. Við bjóðum Hönnu hjartanlega velkomna til starfa.



Hanna Þórey Guðmundsdóttir

Vinnusemi, virðing, vellíðan